

Nd.

223. Frumvarp

til laga, er mæla svo fyrir, að verkamönnum hins íslenska ríkis skuli reikna kaup í landaurum.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Svo er fyrirmælt í lögum þessum, að starfsmönnum ríkisins, þ. e. embættismönnum og sýslunarmönnum, skuli reikna kaup í landaurum frá 1. janúar 1918.

2. gr.

Lög þessi gera þó enga breyting á upphæð launanna, heldur skal reikna þau til landaura eftir meðalverði allra meðalverða það ár, sem launin voru ákveðin, og skal sú áfnatala ráða.

3. gr.

Hagstofan skal gera verðlagsskrá fyrir árið 1917. Stjórnarráðinu er heimilt að mæla svo fyrir, að taka skuli fleiri vörur og verðmæti í verðlagsskrána en verið hefir, eða fella úr. Eftir þessari verðlagsskrá skal reikna landaurakaup starfsmanna ríkisins, er getur í 1. gr., til peninga og gjalda í mynt.

4. gr.

Svo skal fara með æ síðan, að hagstofan geri verðlagsskrána, og sje launin hvert ár greidd eftir verðlagsskrá undanfarins árs.

5. gr.

Nú verða ákveðin laun nýrra starfsmanna eða breytt launum eldri starfsmanna, og skulu þá launin ákveðin í landaurum.

Ástæður.

Parfir manna á sjálfsögðustu lífsnauðsynjum breytast eigi frá ári til árs, en peningar breyta iðulega gildi og hafa nú farið lækkandi um langt áraskeið. Því er það nauðsynlegt að gjalda verkamönnum kaup með þeim hætti, að þeir eigi kost á að fá nokkurn veginn jafnmikið af brýnustu nauðsynjum sínum á hverju ári. — Rjettast væri að alt kaupgjald færi eftir ákvæðum þessara laga, þótt jeg hafi eigi að þessu sinni tekið aðra verkamenn en þá, sem landssjóður geldur kaup.